



Safn Evrópusamninga - Nr. 176

EV RÓPUSAMNINGUR UM LANDSLAG

Flórens, 20.X.2000

Formáli

Aðildarríki Evrópuráðsins er undirrita samning þennan,

minnast þess að markmið Evrópuráðsins er að efla einingu aðildarríkjanna, með það fyrir augum að vernda og gera að veruleika þær hugsjónir og lögmál sem eru sameiginleg arfleifð þeirra, og að leitast er eftir þessu markmiði fyrst og fremst með efnahags- og samskiptasamningum;

eiga hlutdeild í að efla sjálfbæra þróun sem byggist á yfirveguðum og samstilltum tengslum milli félagsþarfa, atvinnulífs og umhverfis;

gera sér ljóst að landslag gegnir mikilvægu hlutverki í almannahagsmunum á sviði menningar og vistfræði, umhverfis- og félagslega, og er auðlind sem gagnast atvinnulífi og getur stuðlað að atvinnusköpun með verndun, nýtingu og áætlunum ;

gera sér grein fyrir því að landslag á þátt í mótun menningarsvæða og er undirstöðuþáttur í evrópskri náttúru- og menningararfleifð og stuðlar að velferð þjóða og samstöðu um evrópskt yfirbragð;

viðurkenna að landslag er mikilvægur þáttur í lífsgæðum almennings, í þéttbýli og dreifbýli, á niðurníddum svæðum jafnt sem hágæðasvæðum, á hversdagslegum svæðum jafnt sem svæðum sem bera af vegna náttúrufegurðar;

gera sér ljóst að uppbygging í landbúnaði, skógrækt, iðnaðar- og jarðefnavinnslu, og í umdæmisskipulagi, borgarskipulagi, samgöngum, grunnvirki, ferðaþjónustu og útivist og almennt, breytingar á efnahagslífi um allan heim flýta í mörgum tilfellum fyrir ummyndun landslags;

vilja bregðast við löngun almennings til að njóta hágæða landslags og vera virk í uppbyggingu á landslagi;

álíta að landslag gegni lykilhlutverki í velferð einstaklinga og þjóðfélagsins og að verndun þess, nýting og áætlanir feli í sér réttindi og ábyrgð á hendur hverjum og einum;

gefa gaum að alþjóðlegum lagaákvæðum varðandi verndun og nýtingu á náttúru- og menningararfleifð, svæðis- og landnotkunarskipulagi, héraðssjálfstjórn og millilandasamvinnu, sérstaklega samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern, 19. september 1979), samningnum um verndun arfleifðar um byggingarlist í Evrópu (Granada, 3. október 1985), samningnum um verndun arfleifðar um byggingarlist í Evrópu (endurskoðaður) (Valletta, 16. janúar 1992), samningsuppdrættinum um millilandasamvinnu milli samfélaga eða yfirvalda í Evrópu með heimastjórn (Madrid, 21. maí 1980) og viðbótarbókunum, Evrópusáttmálanum um héraðssjálfstjórn (Strassborg, 15. október 1985), samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Rio, 5. júní 1992), samningnum um verndun á menningar- og náttúruarfleifð heimsins (París, 16. nóvember 1972), og samningnum um aðgang að upplýsingum, þátttöku

almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Árósir, 25. júní 1998);

viðurkenna að gæði og fjölbreytni landslags í Evrópu geri það að sameiginlegri auðlind, og að það sé mikilvægt að vinna saman að verndun þess, nýtingu og áætlunum;

vilja leggja fram nýjan gerning sem helgast eingöngu verndun, nýtingu og áætlunum um allt landslag í Evrópu,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. – Skilgreiningar

Í þessum samningi:

- a þýðir “landslag” svæði sem ber það með sér í skynjun fólks að vera til orðið af náttúrunnar hendi og/eða með mannlegri íhlutun;
- b þýðir “landslagsstefna” framsetningu lögbærra opinberra yfirvalda á meginreglum, áætlunum og viðmiðunarreglum sem heimila það að gripið sé til tiltekinnna ráðstafana í þágu verndunar, nýtingar og áætlana um landslag;
- c þýðir “gæðamarkmið fyrir landslag”, þegar vísað er til tiltekins landslags, lýsingu lögbærra opinberra yfirvalda á óskum almennings með tilliti til landslagseinkenna í umhverfi þeirra;
- d þýðir “landslagsvernd” aðgerðir til að vernda og viðhalda mikilvægum eða einstökum einkennum í landslagi, og sem færa má rök fyrir vegna gildis þess sem arfleifðar og staðsetningar í náttúrunni og/eða vegna mannglegra athafna;
- e þýðir “landslagsnýting” aðgerð, frá sjónarhorni sjálfbærrar þróunar, sem er ætlað að tryggja reglubundna umhirðu landslags, til þess að stýra og samræma breytingar sem komið er til leiðar með félagslegum-, efnahagslegum- og umhverfisferlum;
- f þýðir “landslagsáætlun” öfluga nútímalega aðgerð til þess að efla, endurbæta eða skapa landslag.

2. gr. – Gildissvið

Með fyrirvara um ákvæði 15. gr., skal þessi samningur gilda um allt yfirráðasvæði aðildarríkja og nær til ósnortins lands, þéttbýlis, dreifbýlis, og umhverfis borga. Samningurinn gildir um land, innri og skipengar vatnaleiðir og sjávarsvæði. Hann gildir um landslag sem kann að teljast framúrskarandi en einnig hversdagslegt eða niðurnýtt landslag.

3. gr. – Markmið

Markmið samningsins er að efla verndun, nýtingu og áætlanir um landslag, og að skipuleggja evrópska samvinnu um málefni varðandi landslag.

2. KAFLI – RÁÐSTAFANIR AÐILDARRÍKJA

4. gr. – Verkskipting

Framkvæmd samningsins fellur í hlut hvers aðildarríkis fyrir sig, einkum 5. og 6. gr., eftir valdaskiptingu í hverju tilviki, í samræmi við stjórnskipulagsreglur og stjórnsýsluskiptan, og með tilliti til dreifræðisreglunnar, og með tilliti til Evrópusáttmálans um héraðssjálfstjórn. Öllum aðildarríkjum er skylt að samhæfa undanþágulaust framkvæmd á ákvæðum þessa samnings við eigin stefnur.

5. gr. – Almennar ráðstafanir

Hvert aðildarríki skuldbindur sig til:

- a að viðurkenna landslag að lögum sem ómissandi þátt í umhverfi almennings, dæmi um margbreytileika í sameiginlegri menningar- og náttúruarfleifð, og undirstöðu sjálfsmyndar þeirra;
- b að koma á og hrinda í framkvæmd landslagsstefnum sem stuðla að verndun, nýtingu og áætlunum um landslag með innleiðingu þeirra ráðstafana sem settar eru fram í 6. gr.;
- c að innleiða starfshætti með hlutdeild almennings, staðar- og svæðisyfirvalda, og annarra hlutaðeigandi aðila með áhuga á skilgreiningu og útfærslu á landslagsstefnunum sem um getur í mgr. b í 5. gr.;
- d að aðlaga landslag að stefnum í svæðis- og borgarskipulagi og menningar-, umhverfis-, jarðyrkju-, félags- og efnahagsstefnum svæðisins, og að öðrum stefnum sem hafa beint eða óbeint áhrif á landslag.

6. gr. – Markvissar ráðstafanir

A Vitundaraukning

Hvert aðildarríki ábyrgist að auka vitund meðal almennings, einkarekinna stofnana, og opinberra yfirvalda um gildi landslags, hvert hlutverk þeirra er og breytingar á því hlutverki.

B Þjálfun og uppræðsla

Hvert aðildarríki ábyrgist að efla:

- a þjálfun sérfræðinga í mati og aðgerðum á landslagi;
- b þverfaglegar þjálfunaráætlanir í landslagsstefnu, verndun, nýtingu og skipulagningu, fyrir fagfólk í einkageiranum og hjá hinu opinbera og fyrir hlutaðeigandi samtök;
- c skóla- og háskólanámsskeið, í viðeigandi námsgreinum, sem taka til þeirra gilda sem ná til landslags og skyldra málefna um verndun, nýtingu og skipulagningu þess.

C Auðkenning og mat

- 1 Með virkri þátttöku hagsmunaaðila, eins og mælst er fyrir í c-lið 5. gr., og með það fyrir augum að auka þekkingu á landslagi almennt, ábyrgist hvert aðildarríki:
 - a
 - i að auðkenna sérhvert landslag á yfirráðasvæði sínu;
 - ii að greina einkenni þess og það afl og álag sem umbreytir því;
 - iii að taka mið af breytingum;
 - b að meta hvert auðkennt landslag, með tilliti til gildis landslagsins í huga almennings og hagsmunaaðila í hverju tilfalli.
- 2 Aðferðirnar sem notaðar eru við auðkenningu og mat skulu styðjast við skipti á reynslu og aðferðafræði, eftir skipulagningu aðildarríkja í Evrópu skv. 8. gr.

D Gæðamarkmið um landslag

Hvert aðildarríki ábyrgist það að skilgreina gæðamarkmið um þau landslög sem auðkennd eru og metin, eftir samráð við almenning í samræmi við c-lið 5. gr.

E Framkvæmd

Til þess að framfylgja landslagstefnum, ábyrgist hvert aðildarríki það að innleiða lög í þeim tilgangi að vernda, nýta og/eða gera áætlanir um landslag.

3. KAFLI – EVRÓPSK SAMVINNA

7. gr. – Alþjóðlegar stefnur og áætlanir

Með skírskotun til landslags, ábyrgjast aðildarríki að vinna saman í tilliti til alþjóðlegra stefna og áætlana, og til að mæla með umfjöllun um landslag í því samhengi, eftir því sem við á.

8. gr. – Gagnkvæm aðstoð og upplýsingaskipti

Aðildarríkin ábyrgjast samvinnu til þess að auka árangur þeirra ráðstafana sem gripið er til í krafti annarra greina þessa samnings, og þá sérstaklega:

- a að veita hvert öðru tækni- og vísindalega aðstoð í málum viðkomandi landslagi með samnýtingu og reynslumiðlun, og niðurstöðum rannsóknarverkefna;
- b að stuðla að skiptum á landslagssérfræðingum, sér í lagi til þjálfunar og upplýsingamiðlunar;
- c að skiptast á upplýsingum um öll málefni sem falla undir ákvæði samningsins.

9. gr. – Landslög yfir landamæri

Aðildarríkin skulu stuðla að samvinnu yfir landamæri, bæði á svæðis- og héraðsvísu og þar sem nauðsyn er á, undirbúa og framkvæma sameiginlegar landslagsáætlanir.

10. gr. – Eftirlit með framkvæmd á samningnum

- 1 Starfandi lögbær sérfræðinganefnd, skipuð skv. 17. gr. í samþykkt Evrópuráðsins, skal vera tilskipuð af ráðherranefnd Evrópuráðsins til að bera ábyrgð á eftirliti með framkvæmd samningsins.
- 2 Í kjölfar hvers fundar sérfræðinganeftarinnar, skal aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins senda skýrslu um verkefni hennar og um starfshæfni samningsins til ráðherranefndar.
- 3 Sérfræðinganeftinni er ætlað að leggja til við ráðherranefndina valforsendur og reglur um úthlutun landslagsverðlauna Evrópuráðsins.

11. gr. – Landslagsverðlaun Evrópuráðsins

- 1 Landslagsverðlaun Evrópuráðsins eru heiðursverðlaun sem veita má svæðis- eða héraðsyfirvöldum og hlutaðeigandi hópum þeirra, sem þátttakendur í landslagsstefnu aðildarríkis í þessum samningi, stefnu eða ráðstöfunum til að vernda, nýta og/eða áætla landslag sitt, sem reynast hafa varanleg áhrif og geta með því móti verið öðrum svæðisyfirvöldum í Evrópu til fordæmis. Verðlaunin má einnig veita frjálsum félagssamtökum fyrir eftirtektarvert framlag til verndunar landslags, nýtingar þess eða áætlana.
- 2 Aðildarríki skulu koma umsóknum um landslagsverðlaun Evrópuráðs á framfæri við sérfræðinganefndina sem getið er í 10. gr. Svæðis- og héraðsyfirvöld yfir landamæri og hópar viðkomandi svæðis- og héraðsyfirvalda, mega sækja um svo framarlega að þau sjái í sameiningu um viðkomandi landslag.
- 3 Að tillögu sérfræðinganefndarinnar sem getið er í 10. gr., skal ráðherranefnd skilgreina og gefa út skjal til viðmiðunar við tilnefningu landslagsverðlauna Evrópuráðsins, samþykkja viðeigandi reglur og veita verðlaunin.
- 4 Veitingu landslagsverðlauna Evrópuráðsins er ætlað að hvetja þá sem hljóta þau til að tryggja sjálfbæra verndun, nýtingu og/eða áætlun viðkomandi landslagssvæða.

4. KAFLI – SÍÐUSTU ÁKVÆÐI

12. gr. – Tengsl við önnur lög

Ákvæði þessa samnings skulu ekki hafa áhrif á strangari ákvæði í öðrum núverandi eða bindandi lands- eða alþjóðalögum framtíðar um verndun landslags, nýtingu þess og áætlanir.

13. gr. – Undirritun, löggilding og gildistaka

- 1 Þessi samningur skal vera opinn til undirritunar af aðildarríkjum Evrópuráðsins. Hann skal vera háður löggildingu, staðfestingar eða samþykkt. Skjöl varðandi löggildingu, staðfestingu eða samþykkt skulu lögð inn til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins.
- 2 Samningurinn skal öðlast gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá þeim degi sem öll tíu aðildarríki Evrópuráðsins samþykkja skuldbindingu sína við samninginn samkvæmt ákvæðum undanfarandi málsgreinar.
- 3 Að því er varðar einstaka undirritunarríki sem síðan samþykkir skuldbindingu sína, skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá dagsetningu afhendingar á skjölum varðandi löggildingu, staðfestingu eða samþykkt.

14. gr. – Aðild

- 1 Eftir að þessi samningur öðlast gildi, er ráðherranefnd Evrópuráðsins heimilt að bjóða Evrópubandalaginu og sérhverju því Evrópuríki sem ekki er aðili að Evrópuráðinu, aðild að samningnum eftir meirihlutaákvörðun eins og kveðið er á um í d-lið 20. gr. í samþykkt Evrópuráðsins, og eftir samhljóða atkvæði fulltrúa aðildarríkja sem eiga rétt á setu í ráðherranefndinni.

- 2 Að því er varðar aðild einstakra ríkja, eða Eyrópubandalagins ef því væri veitt aðild, skal samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá dagsetningu afhendingar á skjölum varðandi aðild til aðalframkvæmdastjóra Eyrópuráðsins.

15. gr. – Gildissvæði umsóknar

- 1 Einstöku ríki eða Eyrópubandalaginu leyfist, við undirritun eða afhendingu skjala varðandi löggildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild, að tilgreina það svæði eða þau svæði sem samningurinn skal gilda um.
- 2 Aðildarríkjum er heimilt, þegar frá liður, með því að senda yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Eyrópuráðsins, að víkka umfang samningsins til að ná yfir það annað svæði sem tiltekið er í yfirlýsingunni. Samningurinn skal ganga í gildi um hvert slíkt svæði á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá því að aðalframkvæmdastjóranum berst yfirlýsingin.
- 3 Leyfilegt er að endurkalla sérhverja þá yfirlýsingu sem skrifuð er í samræmi við ofangreindar tvær málsgreinar, að því er varðar eitthvert svæði sem tilgreint er í slíkri yfirlýsingu, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Eyrópuráðsins. Skal slík afturköllun taka gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá því að aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

16. gr. – Uppsögn

- 1 Aðildarríki getur hvenær sem er sagt upp þessum samningi með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Eyrópuráðsins.
- 2 Uppsögn tekur gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá því að aðalframkvæmdastjóranum berst tilkynningin.

17. gr. – Breytingar

- 1 Hvert aðildarríki eða sérfræðinganefndin sem getið er í 10. gr. má leggja fram breytingatillögu á þessum samningi.
- 2 Aðalframkvæmdastjóra Eyrópuráðsins skal tilkynnt um sérhverja breytingatillögu og hann senda upplýsingar þar um til aðildarríkja Eyrópuráðsins, til annarra aðildarhópa, og til annarra evrópskra ríkja án aðildar sem boðin hefur verið aðild að þessum samningi skv. 14. gr.
- 3 Sérfræðinganefndinni sem getið er í 10. gr. er gert að skoða breytingatillögur og leggja fyrir ráðherranefndina þann texta sem staðfestur er af þremur fjórðu hlutum atkvæða fulltrúa aðildarhópa. Senda skal texta samþykkrar breytingar ráðherranefndar, samkvæmt þeim meirihluta sem kveðið er á um í d-lið 20. gr. í samþykkt Eyrópuráðsins, og eftir samhljóða atkvæði fulltrúa aðildarríkja sem eiga rétt á setu í ráðherranefndinni, til aðildarríkja til staðfestingar.
- 4 Breytingatillögur öðlast gildi gagnvart þeim aðildarríkjum sem hafa samþykkt þær á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá þeim degi sem þrjú aðildarríki

Evrópuráðsins hafa upplýst aðalframkvæmdastjórnann um samþykki sitt. Að því er varðar aðildarríki sem samþykkja breytingatillögur síðar, þá skulu slíkar breytingar ganga í gildi á fyrsta degi fyrsta mánaðar að afloknu þriggja mánaða tímabili frá þeim degi sem tiltekið aðildarríki hefur tjáð aðalframkvæmdastjórnunum samþykki sitt.

18. gr. – Tilkynningar

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, þeim ríkjum eða Evrópubandalaginu með aðild að þessum samningi um:

- a undirritanir;
- b afhendingu skjala um fullgildingu, viðurkenningu, samþykki eða aðild;
- c gildistöku samningsins skv. 13., 14. og 15. gr.;
- d yfirlýsingar skv. 15. gr.;
- e uppsagnir skv. 16. gr.;
- f breytingatillögur, breytingar staðfestar skv. 17. gr. og gildistökdaga breytinga;
- g aðrar aðgerðir, tilkynningar, upplýsingar eða samskipti viðkomandi þessum samningi.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir, sem til þess hafa fengið fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Flórens hinn 20. október 2000 á ensku og frönsku í einu eintaki sem geymt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest eintök til aðildarríkja Evrópuráðsins og til ríkja eða Evrópubandalagsins sem boðin hefur verið aðild að þessum samningi.